



Hestatrygging

Skilmáli nr. ED15

Tryggjandi er VÍS tryggingar hf., kt. 670112-0470, hér eftir nefnt „VÍS“.

Um trygginguna gildir:

- Skírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmáli þessi nr. ED15.
- Almennur skilmáli VÍS nr. YY10.
- Lög um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Skírteini og endurnýjunarkvittun ganga framur skilmálum. Skírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálar ganga framur frávikjanlegum lagaákvæðum.

Með **hestatryggingu** er boðið upp á tryggingar fyrir hesta sem þú getur sett saman á mismunandi hátt, allt eftir þínum þörfum.

Skilmáli segir til um hvaða réttindi og skyldur þú og VÍS hafið.

Skírteini staðfestir að þú hafir keypt tryggingu hjá VÍS. Skírteinið er aðgengilegt með því að skrá sig inn á vis.is.

I. Almenn ákvæði

1. Innifaldar tryggingar

- 1.1 Tryggingar samkvæmt II. til VI. kafla eru valkvæðar og innifaldar ef þær eru tilgreindar í skírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 1.2 Afnotamissi samkvæmt V. kafla er eingöngu hægt að kaupa sem viðbót við líftryggingu eða takmarkaða líftryggingu.

2. Hvað er tryggt?

- 2.1 Tryggingin tekur til þess hests sem tilgreindur er í skírteini eða endurnýjunarkvittun.

3. Hver er tryggður?

- 3.1 Eigandi hestsins er tryggður.

4. Hvar gildir tryggingin?

- 4.1 Tryggingin gildir á Íslandi.

5. Aldurstakmörk og niðurfelling tryggingar

- 5.1 Við tryggingartöku skal hestur ekki vera eldri en 15 vetra.
- 5.2 Við endurnýjun tryggingar á því almanaksári sem hesturinn verður 15 vetra lækkar tryggingarfjárhæð um 20% og síðan árlega um 10% af tryggingarfjárhæð hverju sinni við endurnýjun eftir það.
- 5.3 Eftirfarandi ákvæði eiga við um niðurfellingu tryggingarinnar:
 - 5.3.1 Tryggingin fellur niður eigi síðar en við næstu endurnýjun eftir að hestur hefur náð 20 vetra aldri.
 - 5.3.2 Trygging fyrir afnotamissi fellur niður við næstu endurnýjun eftir að hestur verður 15 vetra.
 - 5.3.3 Ef tjón er bætt úr líftryggingu falla allar tryggingar hestsins niður frá tjónsdegi án endurgreiðslu.
 - 5.3.4 Ef greiddar eru hlutabætur vegna afnotamissis fellur líftryggingin niður frá tjónsdegi en trygging vegna sjúkrakostnaðar og ábyrgðartrygging gilda þó áfram, ef þær voru til staðar þegar tjónið varð.
- 5.4 Ákvæði 5.1, 5.2, 5.3.1 og 5.3.2 eiga ekki við um ábyrgðartryggingu samkvæmt VI. kafla.

6. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu

- 6.1 Tryggingin bætir ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.

7. Varúðarreglur

- 7.1 Umhirða hestsins, vistarverur og fóðrun skal vera í samræmi við ákvæði laga um velferð

Varúðarreglur eru kröfur sem gerðar eru með það að markmiði að koma í veg fyrir tjón eða draga úr líkum á að tjón verði. Mikilvægt er að vita hverjar þær eru.



dýra, svo og önnur lög, reglugerðir og stjórnvaldsfyrirmæli sem við eiga.

- 7.2 Fylgja skal reglum sveitarfélaga og vegalaga um lausagöngu. Þar sem lausaganga er bönnuð skal hestur vera innan girðinga sem eru hross- eða stóðhestaheldar í samræmi við ákvæði laga og reglugerða sem við eiga.
- 7.3 Fylgja skal ráðleggingum dýralækna um reglulega ormahreinsun og bólusetningar fyrir þeim sjúkdómum og sýkingum sem við eiga á viðkomandi stað eða landssvæði. Jafnframt skulu lyf notuð til að eyða lús, eftir því sem þörf er á.
- 7.4 Tryggingartaki skal hafa samband við dýralækni eins fljótt og auðið er, ef hesturinn sýnir merki um veikindi eða meiðsl. Einnig skal tafarlaust hafa samband við dýralækni hraki heilsu hestsins meðan á meðferð stendur. Fylgja skal fyrirmælum dýralæknis skilyrðislaust á meðan hesturinn er í meðferð hjá honum vegna sjúkdóms eða slyss.

8. Háttsemi annarra

- 8.1 VÍS er heimilt að bera fyrir sig háttsemi aðila sem með samþykki tryggðs er ábyrgur fyrir hinum tryggða hesti.
- 8.2 Í atvinnurekstri getur VÍS borið fyrir sig háttsemi stjórnenda tryggðs lögaðila, umsjónarmanns og knapa hins tryggða hests.

9. Hugtakanotkun

- 9.1 Með orðinu slys er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð, eða verknað hestsins sjálfs, sem veldur meiðslum á hestinum og gerist án vilja þess sem annast hann.
- 9.2 Með orðinu sjúkdómur er átt við að hesturinn veikist af þekktum og skilgreindum hrossasjúkdómi sem ekki er sérstaklega undanskilinn í skilmálanum.
- 9.3 Með orðinu læknskostnaður er átt við greiðslur til dýralæknis, dýralæknastofu eða dýraspítala á Íslandi vegna skoðunar eða meðferðar vegna sjúkdóms og slyss. Lyf sem sömu aðilar afhenda eða ávísa vegna sjúkdóma og slysa falla einnig hér undir.
- 9.4 Læknismeðferð er skoðun og meðferð sem skal vera framkvæmd af dýralækni með starfsleyfi á Íslandi og í samræmi við reynslu, sérfræðiþekkingu og viðurkenndar aðferðir á sviði dýralækninga.

10. Ákvörðun bóta

- 10.1 Bætur vegna sjúkrakostnaðar greiðast eingöngu gegn framvísun reiknings, en geta þó aldrei orðið hærrí en tryggingarfjárhæð.
- 10.2 Líftrygging og takmörkuð líftrygging:
 - 10.2.1 Bætur skulu miðaðar við markaðsvirði hestsins á tjónsdegi, en geta þó aldrei orðið hærrí en tryggingarfjárhæð.
 - 10.2.2 Bætur vegna hvarfs hests eru að hámarki 75% af tryggingarfjárhæð.
 - 10.2.3 Bætur fyrir fyl eða folald er 10% af tryggingarfjárhæð hryssu í hverju kasti eða að hámarki folatollur. Bætur eru aðeins greiddar út tvisvar á ævi hverrar hryssu.
 - 10.2.4 Aldrei eru greiddar bætur vegna sama tjónsatburðar úr líftryggingu og afnotamissistryggingu.
- 10.3 Bætur vegna afnotamissis eru 75% af tryggingarfjárhæð líftryggingar og takmarkaðrar líftryggingar.
- 10.4 Við ákvörðun bóta úr ábyrgðartryggingu er farið eftir ákvæðum VI. kafla.
- 10.5 Við uppgjör tjóns og ákvörðun bótaskyldu er VÍS heimilt að afla upplýsinga hjá dýralæknum um fyrri sjúkrasögu og heilsufar hestsins og annað sem skipt getur máli við uppgjör tjónsins.
- 10.6 VÍS getur farið fram á krufningu, á eigin kostnað, ef það er talið nauðsynlegt til að skera úr um bótaskyldu eða orsök fyrir dauða hestsins.

II. Sjúkrakostnaður (valkvæð)

11. Hvað bætir tryggingin?

- 11.1 Tryggingin bætir:
 - a) Lækniskostnað vegna skoðunar og meðferðar hestsins vegna sjúkdóms eða slyss.
 - b) Meðferð vegna tannrótarbólgu og meðhöndlun á tönnum sem brotna vegna slyss.
 - c) Kostnað við umbúðir um veikan hóf ef búið er um hófinn af dýralækni eða af viðurkenndum járnningamanni samkvæmt beiðni dýralæknis. Bætur eru eingöngu greiddar fyrir fyrstu umbúðir og vegna eftirfarandi sjúkdóma: Hófsperru, helti í sperrilegg (lameness in the radius), beinþynningar, brots og/eða sprungna í hófbeini, hols hófveggjar, sýkingar í hófi, aðskotahlutar í hófbotni og/eða hóftungu, sprungu í hófvegg eða alvarlegra hófskemmda og/eða sára.
 - d) Kostnað við lasergeisla-meðferð ef um er að ræða meðferð á sárum, einungis er greitt fyrir eina meðferð í hverjum tjónsatburði.



- e) Kostnað vegna nálastungumeðferðar sé hún framkvæmd af dýralækni sem hefur réttindi til slíkra lækninga.
- 11.2 Ef skráð notkun hryssu samkvæmt skírteini eða endurnýjunarkvittun er ræktunarhryssa er greiddur læknskostnaður vegna atvika sem falla undir grein 11.1 fyrir folald sem fylgir henni í allt að 30 daga eftir fæðingu.

12. Hvað bætir tryggingin ekki?

- 12.1 Tryggingin bætir ekki læknskostnað vegna:
- Sjúkdóms sem hesturinn fær innan 20 daga frá gildistöku tryggingarinnar, eða vegna sjúkdóms eða slyss sem átti sér upphaf fyrir þann tíma sem tryggingin tók gildi, hvort sem greining hafði átt sér stað eða ekki. Ákvörðun um upphaf sjúkdóms eða meiðsla grundvallast á álitum dýralæknis. VÍS áskilur sér rétt til að leita sérfræðilíts dýralæknis.
 - Sýnatöku og rannsókna til þess að ákvarða mótefni eða styrk mótefna.
 - Fyrirbyggjandi aðgerða og reglulegra skoðana.
 - Skoðunar og meðferðar sem ekki er læknisfræðilega nauðsynleg og/eða réttlætjanleg.
 - Óhefðbundinna lækninga.
 - Geldingar eða skurðaðgerðar vegna launeista.
 - Meðferðar sem miðar að því að fylja hryssu, t.d. sýnataka, hormónameðferð, skolun á legi eða almenn meðferð í þessum tilgangi.
 - Skoðunar eða meðferðar á tönnum, svo og aðgerðar við að fjarlægja úlfatennur (wolf teeth, PM1).
 - Geðsjúkdóma, atferlisbrests, skapgerðargalla eða annarra geðrænna einkenna.
 - Járninga.
- 12.2 VÍS greiðir ekki:
- Ferða- og flutningskostnað vegna meðferðar og skoðunar.
 - Kostnað vegna sjúkraþjálfunar og endurhæfingar.
 - Fóður, fæðubótarefni, heilsu- og hreinlætisvörur og aðrar sambærilegar vörur.
 - Álag á læknskostnað vegna þess að leita þurfti til dýralæknis utan dagvinnutíma, nema brýna nauðsyn hafi borið til.
 - Kostnað vegna lyfseðla, reikningsgerðar, vottorða eða sjúkraskýrslugerðar.

III. Líftrygging (valkvæð)

13. Hvað bætir tryggingin?

- 13.1 VÍS greiðir bætur ef:
- Hesturinn deyr af völdum sjúkdóms eða slyss.
 - Hesturinn er svo sjúkur eða slasaður að aflifun er ráðlögð af dýralækni, þar sem lækni meðferð bryti í bága við dýraverndunarsjónarmið og lög um velferð dýra.
 - Hesturinn hverfur og finnst ekki aftur innan fjögurra mánaða. Skilyrði bótaskyldu er að auglýst hafi verið eftir honum opinberlega og formleg leit farið fram.
- 13.2 VÍS greiðir bætur þegar skráð notkun hryssu samkvæmt skírteini eða endurnýjunarkvittun er kynbótahryssa vegna:
- Fylmissis sem verður á 91. degi eða síðar frá því að hryssan var síðast hjá stóðhesti.
 - Folalds sem drepst eða þarf að aflífa innan 30 daga frá fæðingu vegna meiðsla, sjúkdóms eða fæðingargalla.

14. Hvað bætir tryggingin ekki?

- 14.1 VÍS greiðir ekki bætur ef hesturinn deyr eða þarf að aflífa hann vegna:
- Sjúkdóms sem hesturinn fær innan 20 daga frá gildistöku tryggingarinnar, eða vegna sjúkdóms eða slyss sem átti sér upphaf fyrir þann tíma sem tryggingin tók gildi, hvort sem greining hafði átt sér stað eða ekki. Ákvörðun um upphaf sjúkdóms eða meiðsla grundvallast á álitum dýralæknis. VÍS áskilur sér rétt til að leita sérfræðilíts dýralæknis. Framangreint ákvæði á einnig við ef að tryggingarfjárhæð tryggingarinnar er hækkuð að beiðni tryggingartaka, í slíkum tilfellum gildir eldri tryggingarfjárhæð.
 - Geðsjúkdóma, atferlisbrests, skapgerðargalla eða annarra geðrænna einkenna.
 - Stífkrampa, ef hesturinn hefur ekki verið bólusettur á fullnægjandi hátt.
 - Spatts.
 - Fyrirmæla opinberra yfirvalda eða annarra sambærilegra ráðstafana.
 - Ekki er greitt fyrir fyl og folald ef trygging er tekin eftir að fyljun er staðfest af dýralækni samkvæmt fyljunarvottorði. Sama á við ef hryssan deyr eða hún er felld vegna áverka og/eða sjúkdóms sem var til staðar þegar

Ef hestur deyr vegna sjúkdóms eða slyss og lækni meðferð hefur ekki borið árangur þá eru greiddar bætur úr líftryggingu.



tryggingin var keypt.

IV. Takmörkuð líftrygging (valkvæð)

15. Hvað bætir tryggingin?

- 15.1 VÍS greiðir bætur ef:
- Hesturinn deyr af völdum sjúkdóms eða slyss.
 - Hesturinn er svo sjúkur eða slasaður að tafarlaus aflifun er ráðlögð af dýralækni, þar sem lækni meðferð bryti í bága við dýraverndunarsjónarmið og lög um velferð dýra.
 - Hesturinn hverfur og finnst ekki aftur innan fjögurra mánaða. Skilyrði bótaskyldu er að auglýst hafi verið eftir honum opinberlega og formleg leit farið fram.
- 15.2 VÍS greiðir bætur þegar skráð notkun hryssu samkvæmt skírteini eða endurnýjunarkvittun er kynbótahryssa vegna:
- Fylmissis sem verður á 91. degi eða síðar frá því að hryssan var síðast hjá stóðhesti.
 - Folalds sem drepst eða þarf að aflífa innan 30 daga frá fæðingu vegna meiðsla, sjúkdóms eða fæðingargalla.

Ef hestur deyr vegna sjúkdóms eða slyss eru greiddar bætur úr takmarkaðri líftryggingu. Einnig ef hesturinn er svo sjúkur eða slasaður að **tafalaus aflifun** er ráðlögð.

16. Hvað bætir tryggingin ekki?

- 16.1 VÍS greiðir ekki bætur ef hesturinn deyr eða þarf að aflífa hann vegna:
- Sjúkdóms sem hesturinn fær innan 20 daga frá gildistöku tryggingarinnar, eða vegna sjúkdóms eða slyss sem átti sér upphaf fyrir þann tíma sem tryggingin tók gildi, hvort sem greining hafði átt sér stað eða ekki. Ákvörðun um upphaf sjúkdóms eða meiðsla grundvallast á álitum dýralæknis. VÍS áskilur sér rétt til að leita sérfræðiálits dýralæknis. Framangreint ákvæði á einnig við ef að tryggingarfjárhæð tryggingarinnar er hækkuð að beiðni tryggingartaka, í slíkum tilfellum gildir eldri tryggingarfjárhæð.
 - Geðsjúkdóma, atferlisbrests, skapgerðargalla eða annarra geðrænna einkenna.
 - Stífkrampa, ef hesturinn hefur ekki verið bólusettur á fullnægjandi hátt.
 - Spatts eða annarra viðvarandi hreyfivandamála svo og viðvarandi vandamála sem verða skyndilega alvarleg.
 - Fyrirmæla opinberra yfirvalda eða annarra sambærilegra ráðstafana.
 - Heltis.
 - Líkamlegra þroskahamlana.
 - Brots eða sprungu í beinvef sem sýnir merki um veikleika, beineyðingu (decalcification), hörðun (sclerosis) eða gigt.
 - Viðvarandi vandamála í öndunarfærum og viðvarandi vandamála sem verða skyndilega alvarleg.

V. Afnotamissir (valkvæð eingöngu seld með líftryggingu eða takmarkaðri líftryggingu)

17. Hvað bætir tryggingin?

- 17.1 VÍS greiðir bætur ef dýralæknir úrskurðar hest ónothæfan til þeirrar notkunar sem tilgreind er í skírteini í kjölfar sjúkdóms eða slyss og hefur sannanlega, þrátt fyrir viðeigandi ráðstafanir dýralæknis, tapað til frambúðar eiginleikum til umræddrar notkunar.

18. Hvað bætir tryggingin ekki?

- 18.1 VÍS greiðir ekki bætur fyrir afnotamissi ef hesturinn er úrskurðaður ónothæfur vegna:
- Sjúkdóms sem hesturinn fær innan 20 daga frá gildistöku tryggingarinnar, eða vegna sjúkdóms eða slyss sem átti sér upphaf fyrir þann tíma sem tryggingin tók gildi, hvort sem greining hafði átt sér stað eða ekki. Ákvörðun um upphaf sjúkdóms eða meiðsla grundvallast á álitum dýralæknis. VÍS áskilur sér rétt til að leita sérfræðiálits dýralæknis. Framangreint ákvæði á einnig við ef að tryggingarfjárhæð tryggingarinnar er hækkuð að beiðni tryggingartaka, í slíkum tilfellum gildir eldri tryggingarfjárhæð.
 - Geðsjúkdóma, atferlisbrests, skapgerðargalla eða annarra geðrænna einkenna.
 - Þess að hesturinn telst ekki hæfur til ræktunar vegna vandamála er tengjast erfðagalla hans.
 - Spatts.
 - Stífkrampa, ef hesturinn hefur ekki verið bólusettur á fullnægjandi hátt.
- 18.2 VÍS greiðir ekki bætur vegna stóðhests fyrr en hann hefur verið geldur.



VI. Ábyrgðartrygging (valkvæð)

19. Hvenær gildir tryggingin?

- 19.1 Tryggingin tekur til tjónsatburðar sem verður á tryggingartímabilinu.
- 19.2 Komi afleiðingar atviks sem tjón hefur hlotist af og gerst hefur á tryggingartímabilinu ekki í ljós fyrr en tryggingin er fallin úr gildi greiðir VÍS samt sem áður bætur.
- 19.3 VÍS greiðir ekki bætur fyrir tjón vegna atviks sem varð áður en tryggingartímabilið hófst, enda þótt tjónið komi ekki í ljós fyrr en á tryggingartímabilinu.

20. Hvað bætir tryggingin?

- 20.1 Tryggingin bætir beint líkams- eða munatjón þriðja aðila vegna skaðabótaábyrgðar tryggðs sem fellur á hann sem eiganda hests samkvæmt íslenskum lögum. Með munum er átt við fasteign og lausafé, þ.m.t. dýr. Tryggingin bætir tjón að því leyti sem tjónþoli á ekki að bera tjónið sjálfur vegna meðsakar eða meðábyrgðar.
- 20.2 Það er skilyrði skaðabótaábyrgðar samkvæmt ákvæði þessu að líkamstjón eða skemmdir á munum verði raktar til skyndilegs og óvænts atburðar.

21. Hvað bætir tryggingin ekki?

- 21.1 Tryggingin bætir ekki:
- Tjón innan samninga, þ.e. tjón sem tryggður ber ábyrgð á vegna vanefnda á samningi.
 - Tjón sem fjölskylda tryggðs verður fyrir. Til fjölskyldu teljast maki (sambúðarmaki) tryggðs, börn og önnur skyldmennir, enda eiga þessir aðilar sameiginlegt lögheimili. Ákvæðið á einnig við um umsjónaraðila hestsins hverju sinni.
 - Tjón á munum sem tryggður eða aðilar samkvæmt b) lið þessarar greinar hafa til afnota, til geymslu, eða eru af öðrum orsökum í þeirra vörslu.
 - Tjón á munum stafi það af eldsvoða, vatni vegna slökkvistarfs, reyk, sóti eða sprengingu.
 - Tjón sem rekja má til þess að ekki er farið eftir lögum og reglum sem við eiga um viðkomandi dýrahald.
 - Kaup, dagpeninga eða aðrar greiðslur, sem tryggða ber samkvæmt lögum eða samningi að greiða manni sem orðið hefur fyrir slysi.
 - Sektir, málskostnað eða önnur útgjöld í sambandi við refsímál.

22. Tryggingarfjárhæð

- 22.1 Ábyrgð VÍS vegna hvers einstaks tjónsatburðar takmarkast við tryggingarfjárhæð sem tilgreind er í skírteini eða endurnýjunarkvittun. Verði fleiri en eitt tjónsatvik af sömu orsök teljast þau vera af völdum eins tjónsatburðar.
- 22.2 Kostnaður sem til er stofnað með samþykki VÍS til þess að skera úr um bótaskyldu tryggðs og vextir af bótafjárhæð greiðast, enda þótt greiðsla VÍS fari af þeim sökum fram úr tryggingarfjárhæðinni.
- 22.3 Sé tryggingarfjárhæðin lægri en höfuðstóll bótafjárhæðar greiðist aðeins sá hluti kostnaðar og vaxta er svarar til bótafjárhæðar þeirrar sem VÍS ber að greiða.
- 22.4 Tryggingarfjárhæð breytist samkvæmt vísitölu neysluverðs.

23. Ákvörðun bóta fyrir líkamstjón

- 23.1 VÍS greiðir bætur fyrir líkamstjón þriðja aðila á grundvelli skaðabótalaga nr. 50/1993.

24. Ákvörðun bóta fyrir munatjón

- 24.1 Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi.
- 24.2 Ef unnt er að gera við það sem skemmdist þannig að það verði í svipuðu ástandi og fyrir tjón og viðgerð borgar sig að mati VÍS, getur VÍS annað hvort greitt áætlaðan viðgerðarkostnað eða látið gera við það sem skemmdist á kostnað VÍS.
- 24.3 Ef ekki er unnt að gera við það sem skemmdist eða það borgar sig ekki að mati VÍS, getur VÍS greitt bætur í peningum eða útvegað sambærilegan hlut og varð fyrir tjóninu. Hafi VÍS greitt bætur samkvæmt þessari grein áskilur það sér rétt til að gera tilkall til þess sem skemmdist.
- 24.4 VÍS hefur rétt til að greiða mismun á verðmæti þess sem skemmdist eins og það var fyrir tjónsatburð og verðmæti eftir tjónsatburð.
- 24.5 Tryggður skal ekki hagnast á tjónsatburði. Tryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón tryggðs.

25. Staða tjónþola við tjón

- 25.1 Ef trygging tekur til tjóns tryggðs vegna skaðabótaábyrgðar sem hann ber getur tjónþoli krafist bóta beint frá VÍS. VÍS og tryggðum er skylt að upplýsa tjónþola um ábyrgðartryggingu sé hún fyrir hendi.

Samkvæmt íslenskum lögum bera einstaklingar skaðabótaábyrgð á tjóni sem þeir valda öðrum með saknæmum og ólögætum hætti. Þessi regla er nefnd **sakarregla** og er grundvallarregla í íslenskum rétti. Ef sá sem sóttur er til greiðslu skaðabóta á ekki sök á tjóninu ber hann almennt ekki skaðabótaábyrgð.

Hlutverk ábyrgðartryggingar er að greiða skaðabætur fyrir tryggða ef hann hefur bakað sér skaðabótaábyrgð, að því leyti sem tjónþoli á ekki að bera tjón sitt sjálfur vegna meðsakar eða meðábyrgðar, sem og að greiða kostnað sem tryggði verður fyrir ef skaðabótakrafa er gerð á hendur honum.



- 25.2 Ef fram kemur krafa um bætur á hendur VÍS skal tilkynna það tryggðum án ástæðulauss dráttar og veita honum upplýsingar um meðferð kröfunnar. Viðurkenning VÍS á atriðum sem lúta að ábyrgð er ekki bindandi fyrir tryggðan.
- 25.3 Nú tilkynnir tjónþoli að hann hyggist höfða mál á hendur VÍS og getur VÍS þá krafist þess að hann beini málshöfðuninni einnig gegn tryggðum. Skal VÍS tilkynna tjónþola um þá kröfu sína án ástæðulausrar tafar og á sannanlegan hátt.
- 25.4 Um stöðu tjónþola að öðru leyti vísast til 44. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

26. Meðferð bótakrafna

- 26.1 Tryggðar ber að leita samráðs við VÍS um réttarstöðu sína ef hann er krafinn skaðabóta vegna tjóns sem hann er talinn eiga sök á.
- 26.2 Tryggður má ekki viðurkenna bótaskyldu sína eða gera samninga um bætur án samþykkis VÍS.
- 26.3 VÍS kemur fram fyrir hönd hinna tryggðu og ræður málsmeðferð allri og annast málsmeðferð fyrir dómstólum ef á reynir. Sama gildir um kröfur um laun fyrir björgun eða aðstoð.

Það sem fram kemur á hægri spássíu er eingöngu til leiðbeiningar fyrir viðskiptavini en er ekki hluti af texta skilmálans og ekki ætlað til túlkunar einstakra greina hans.